

Sæll Anton Kári.

Ég undirritaður fh. Árbakkans-þróunarfélags ehf. kt.550421-2160, sæki hér með um framkvæmdaleyfi til að grafa fyrir, fylla fyrir púða og setja farg, á 15 lóðum í Árbakkalandi.

Miðað er við að framkvæmt verði skv.minnisblaði VSÓ-ráðgjafar, dagsett 19.október 2021 vegna jarðvegsrannsókna í Árbakkalandi, þ.e. grafið verður niður á ársetið, þar lagður á dúkur, fyllt og þjappað í púðahæð og þar ofaná verður síðan sett farg, 2-3 mtr. skv.nánari skilgreiningu og útreikningum þar um.

Nauðsynlegt verður að leggja út a.m.k. að hluta Tyrfingsvaðið, svo hægt verði að komast að viðkomandi lóðum og er einnig sótt um leyfi fyrir þeirri framkvæmd.

Ekki er miðað við að nein lagnavinna fari fram samhliða þessari stöku framkvæmd.

Miðað er við að grafnir verði út byggingarreitir viðkomandi lóða og fyllt þar í.

Um er að ræða eftirtaldar lóðir:

- Tyrfingsvað 1 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 2 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 3 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 4 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 5 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 6 fjórbylishúsalóð
- Tyrfingsvað 8 fjórbylishúsalóð
- Þórisvað 12 fjórbylishúsalóð
- Þórisvað 1 einbylishúsalóð
- Þórisvað 3 einbylishúsalóð
- Þórisvað 5 einbylishúsalóð
- Þórisvað 7 einbylishúsalóð
- Þórisvað 9 einbylishúsalóð
- Þórisvað 11 einbylishúsalóð
- Þórisvað 13 einbylishúsalóð

Búið er að grafa út og fergja lóðina Þórisvað 15 (einbylishúsalóð), en hún var ein þriggja tilraunalóða sem fergðar voru nú í sumar. Hinar eru Þuríðarvað 126-128 (parhúsalóð) og Ásavað 2-6 (raðhúsalóð)

Miðað við þá rannsóknarvinnu sem búið er að framkvæma, er ljóst að farg þarf að standa í 3-4 mánuði og því teljum við nauðsynlegt að hefja þessa vinnu sem allra fyrst, svo lóðir verði byggingarhæfar sem fyrst.

Af hagkvæmisástæðum er fyrirhugað að fergja þær lóðir sem þarf að fergja í 1. og 2. áfanga (verða unnir samhliða) í áföngum, þannig að hægt verði að nota fargefnið af fyrri fergingalóðum aftur í næsta farg, púða- eða gatnagerð.

Áform landeigenda eru þau að selja byggingarrétt lóða með púðum og þá búið að fergja þær lóðir sem þarf að fergja. Þannig er talið hagkvæmast að vinna verkið, þ.e. að jarðvinna við grundun húsa fari fram samhlið jarðvinnu við gatna- og lagnavinnu.

Vonast er til að verkhönnun 1. og 2. Áfanga ljúki innan 3ja vikna, þannig að þá strax í kjölfarið verði hægt að leggja inn umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir þá áfanga og vonandi þá strax hefja framkvæmdir.

Unnið er að lóðablöðum fyrir hverfið í heild sinni þessa dagana og vonandi verður hægt að leggja þau inn til ykkar mjög fljótlega.

Með þökk og kveðju

spór

*Árbakkinn-Þróunarfélag ehf.*

**Sigurður Þór Sigurðsson verkefnisstjóri**

Sími: 8608725

t-póstur: [sthor@trs.is](mailto:sthor@trs.is)

[www.arbakkinn.is](http://www.arbakkinn.is)